




Umsögn skipulags


Vegna: Háaberg 13

Fyrirspurn Staðsetning:



Skipulagsleg staða: Í gildi er deiliskipulag frá 1983 í skilmálum sem fylgja deiliskipulaginu er ekkert fjallað um svalaskýli. Uppbygging á lóðinni og útfærsla mæliblaðs hefur orðið töluvert öðruvísi en gildandi deiliskipulag heimilar/kveður á um.

Umsögn: Sótt er um að byggja sólskála á svölum á bakhlið parhús við Háberg 13. Í hverfinu er nokkuð um að búið sé að gera sólstofur á svölum. Samkvæmt byggingarnefndar teikningum er heimilt að byggja sólstofu við húsið undir svölunum nr. 13 en ofan á svölunum nr. 15 (hinn helmingur parhússins). Sólstofan hefur ekki verið byggð á nr. 13. Líklegt er að sólskáli nýtist betur á efri hæð hússins þar sem íveruherbergi hússins eru heldur en á neðri hæðinni þar sem aðalega eru svefnherbergi. Útlit bakhliðar parhússins er ekki samhverfa svo það hefur ekki mikil áhrif á útlitið þó að nýr sólskáli á nr. 13 komi ekki til með að líta eins út og sá á nr. 15, þar sem svalirnar á nr. 13 eru með steypum vegg en ekki svalirnar á nr. 15.



Niðurstaða: Jákvætt er tekið í erindið en breyta þarf deiliskipulagi þar sem fyrirhuguð breyting er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag m.a. fer sólskálinn út fyrir byggingareit. Ef valið er að fara í að breyta deiliskipulagi m.v. fyrirspurnina þá þarf jafnframt að uppfæra það m.t.t. núverandi ástands.

Bent er á að breyting á deiliskipulagi er gerð á kostnað lóðarhafa. Breytinguna þarf að vinna í samráði við verkefnisstjóra hjá skipulagsfulltrúa og sækja formlega um hana í gegnum „Mínar síður“ á vef bæjarins. Ef til kemur færsla á götugögnum og lögnum vegna breytingarinnar þá fellur sá kostnaður á lóðarhafa.

Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar - Lilja Grétarsdóttir
Anna Margrét Tómasdóttir
Verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs